



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Rebekka Rut Ingvarsdóttir

Árnes

801 SELFOSS

Garðabær, 28.5.2025

Málsnúmer: 202505-0032

IAS

Efni: Hvammsvirkjun, stækkun efnistökusvæðis. Breyting á aðalskipulagi.

Vísað er til erindis frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dagsett 15. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar efnistökusvæðis vegna Hvammsvirkjunar.

„Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er efnistökusvæðið E26 við Hvammsvirkjun stækkað og heimiluð meiri efnistaka. Legu Þjórsárdalsvegar, þar sem hann kemur til með að liggja meðfram Hagalóni, er breytt lítillega til samræmis við hannaða veglínu og reiðleið með veginum færð til. Efnislosunarsvæðið E27 minnkar lítillega. Hagalón og eyja í því breytast lítillega til samræmis.“

„Núverandi heimildir í aðalskipulagi Skeiða- & Gnúpverjahrepps heimila að tekið sé allt að 500.000 m³ í efnistökusvæði E26 sem er í lónsstæði Hvammsvirkjunar. Viðbótar efnismagn verður allt að 290.000 m³ og heildar efnismagn verður þá 790.000 m³. Efnistakan er öll innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og í verðandi lónsstæði Hvammsvirkjunar (mynd 1) og þar með á svæði sem er búið að heimila að raska nú þegar. Öll aukning efnistöku verður í lónstæðinu og mun því hverfa undir lónið að framkvæmdum loknum.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdasvæðið innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendið, og efnið verður að hluta numið úr nútímahrauni í Hagaey (Þjórsárhrauni) sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. greinar laga um náttúruvernd. (60/2013). Hagaey er þakin jarðvegi, nokkuð gróin og sést ekki í yfirborðs hraunsins og er verndargildi þess því metið lágt auk þess sem svæðið fer undir lónið. Áhrif framkvæmdanna verða líklega mest á lífríkið á framkvæmdatíma og er mikilvægt að framkvæmdum verði hagað þannig að áhrif á lífríkið verð sem minnst.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur